



Egilsstöðum 10. janúar 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Frá:
Ungmenna- og íþróttasambandi Austurlands
Arngrímur Viðar Ásgeirsson

Efni: Umsögn um um tillögu til þingályktunar um ferðasjóð íþróttafélaga, 135. mál.

Ágætu félagar

Almennt um tillöguna:


Það er mjög mikilvægt fyrir íþróttalíf á Austurlandi að frumvarp þetta nái fram að ganga og létt verði undir með metnaðarfullum íþróttafélögum á Austurlandi og um allt land, vegna þess mikla ferðakostnaðar sem þátttaka í íslandsmótum fylgir.

Varðandi félagssvæði UÍA er ekki síður um að ræða mótaraðir í einstaklingsíþróttum s.s. glímu, skíðaíþróttum og frjálsum íþróttum. Einnig þyrftu íþróttafélög af höfuðborgarsvæðinu að eiga kost á slíkum styrkjum til að sækja keppni út á landi og myndi slíkt tvímælalaust styrkja mótahald á landsbyggðinni sem á mjög undir högg að sækja hjá okkur vegna fjarlægðar við fjölda keppenda og kostnaðarsamra ferðalaga. Á síðasta ári hélt UÍA Meistaramót Íslands 12-14 ára í frjálsum íþróttum og má áætla að ferðakostnaður keppenda hafi verið um tvær milljónir króna án ferðakostnaðar aðstandenda.

Það er því tilmæli okkar að ferðasjóður þessi verði eins til að styrkja slíkt mótahald og verði á landsvísu. Einnig er nauðsynlegt að stuðst verði við barna og unglíngastefnu ÍSÍ þar sem ekki er mælt með keppni á landsvísu fyrir yngstu iðkendurnar.

Eins og fram kemur í upphafi er þetta frumvarp um ferðasjóð íþróttafélaga mjög mikilvægt fyrir alla íþróttaiðkendur sem sýna metnað og keppa á viðurkenndum mótum.

Benda má á þann möguleika að það sérsamband sem stendur fyrir viðkomandi mótum t.d. íslandsmótum taki að sér að skila greinargerð um ferðakostnað um viðkomandi mót og sæki um endurgreiðslu ferðakostnaðar fyrir hönd félaga sinna.

Virðingafyllst
fh. Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands

Arngrímur Viðar Ásgeirsson
framkvæmdastjóri